

Tengsl Íslands og Niflungahringrings Wagners ætti að nýta til landkynningar

Framlag til tónlistarsögunnar

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

AF 44 uppfærslum á Niflungahringnum sem hann hefur séð, er uppfærslan á Íslandi sumarið 1994 ein sú allra besta. Þetta segir óperusérfræðingurinn og höfundar bókarinnar Opera 101, Freds Plotkin, í samtali við New York Times. Og Plotkin er sérfræðingur í verkum tónskáldsins, Richards Wagners.

Hringurinn annar á Íslandi

Annar Wagner-sérfræðingur, leikstjórinn Robert Lepage, sem nú hefur verið ráðinn til Metropolitanóperunnar í New York til að setja Niflungahringinn upp eftir að síðasta uppfærsla hefur verið á sviðinu í 23 ár, segir í viðtali við Wall Street Journal, að hann muni sækja innblástur í nýju uppsetninguna til Íslands. „Landafræði og jarðfræði heilla mig og ég fer þangað oft [til Íslands]... Wagner notaði íslensku fornkvæðin og hafnaði þar með grískum og ítölskum goðsögnum til að skapa tengsl við þær germönsku og norrænar rætur. Ísland er önnur pláneta, heimur í eigin heimi. Landið er suðupottur; gríðarleg jökulhella yfir heitum jarðsprungum. [...] Þegar maður hugsar um Niflungahringinn á Íslandi, þá er hann ekki það sama og hann er annars staðar,“ segir Lepage.

Afkomandinn átti hugmyndina

Selma Guðmundsdóttir formaður Wagnerfélagsins á Íslandi segir að íslenska útgáfan á Niflungahringnum í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur, í styttri útgáfu virðist enn vekja umtal þótt 15 ár sé liðin frá uppfærslunni. „Það þótti mjög merkilegt þá, að uppástungan að þessari styttni gerð verksins skyldi koma frá Wolfgang Wagner í Bayreuth. Því hefði enginn trúað. Hann kom hingað og lagði blessun sína yfir þetta. Kítíkin í erlendum blöðum um sýninguna í Þjóðleikhúsinu var líka ofboðslega lofsamleg, bæði í þýskum blöðum, norrænum blöðum og í stóru óperublöðunum.“

Wagner hátíðin í Bayreuth laðar að sér þúsundir gesta ár hvert alls staðar að úr heiminum.



Niflungahringurinn eftir Wagner Uppfærsla Listahátíðar í Reykjavík 1994 var samvinnuverkefni Þjóðleikhússins, Íslensku óperunnar, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Wagnerhátíðarinnar í Bayreuth.

Selma segir að með íslenska Niflungahringnum séum við með mjög gott efni í höndunum. „Hringinn ætti að setja upp á hverju ári á Íslandi og laða að ferðamenn. Wagnerfélagið beitti sér fyrir rannsóknnum Árna Björnssonar sem komu út í bókinni Wagner og Völsungar árið 2000. Við létum þýða hana bæði á ensku og þýsku. Ég sendi Lepage bókina, og fékk svar frá aðstoðarkonu hans sem sagði hann óskaplega þakklátan fyrir hana.“

Frelsaði Wagner frá hefðinni

Selma segir þessar tengingar Niflungahringringsins við Ísland stórmál fyrir landið og mikla landkynningu. „Við þurfum að notfæra okkur þetta til kynningar á landinu. Efnid sem Wagner sótti hingað í Niflungahringinn er stærsta framlag

Íslands til tónlistarsögunnar. Wagner sagði sjálfur að hann hefði aldrei skrifað óperu um Siegfried ef hann hefði bara þekkt hann úr Niflungaljóðinu þýska. Sú staðreynd að söguefnið eins og það varðveittist á Íslandi var óbundið bæði stað og tíma var mjög mikilvægt og frásagnir Snorra-Eddu úr goðafræðinni höfðu hreinlega ekki varðveist annars staðar. En þetta voru ekki bara áhrif á efnistökin, heldur líka tónmálið. Hann losnaði úr klafa þess reglubundna ljóðmáls sem var alfarið ríkjandi í Þýskalandi á þeim tíma þar sem allt var rytmískt. Tónskáld fóru ósjálfrátt í fastan farveg þegar þau sömdu við þau. Það frelsaði Wagner að finna þessi ljóð sem eru líkari talmáli og í óreglulegri hrynjandi. Þetta var það sem hann vildi gera.“